

1. Almennt

Arnarlax hf. (kt. 580310-0600), Strandgötu 1, 465 Bíldudalur hefur rekstrarleyfi FE-1105 vegna sjókvíaeldis á 10.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum lax í sjókvíaeldi í Arnarfirði. Fyrirtækið sótti um breytingu á rekstrarleyfinu FE-1105 þann 9. júní 2021 sem felur í sér færslu og stækkun á eldissvæðunum Haganesi, Steinanesi og Hringsdal.

Sjókvíasvæði Arnarlax hf. í Arnarfirði eru þrjú; Sjókvíeldissvæði A inniheldur eldissvæðin Steinanes og Haganes, sjókvíaeldissvæði B inniheldur eldissvæðin Tjaldaneseyrar og Hlaðsbót og sjókvíaeldissvæði C inniheldur eldissvæðin Hringsdal og Kirkjuból.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að breytingu á rekstrarleyfi á tímabilinu 6. apríl 2022 til 4. maí 2022 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

2. Afstaða Matvælastofnunar

Framkvæmd Arnarlax hf. í Arnarfirði um breytingu afmörkun þriggja eldissvæða var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 25. nóvember 2020. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 4. júní 2021 þess efnis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum á þeim grunni að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Framkvæmd Arnarlax í Arnarfirði gerir ráð fyrir að eldissvæðin Haganes, Steinanes og Hringsdalur verði stækkuð svo unnt sé að snúa kvíum þvert á straumstefnu auk þess að færa eldiskvíar innan svæðis verði umhverfisálag mikið.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldissvæði Arnarlax hf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðisáhrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Arnarlax hf. í Arnarfirði er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um breytingu á rekstrarleyfi til Arnarlax hf. í Arnarfirði. Breytingin heimilar færslu og stækkun á eldissvæðunum Haganes, Steinanes og Hringsdal.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Breyting á rekstrarleyfi tekur þegar gildi, en gildistími rekstrarleyfisins helst óbreyttur og er til 6. maí 2026.

Selfossi, 16. maí 2022